



EFNI:

Ný könnun á
reykingum og
tóbaksneyslu á
Íslandi

bls.
1-2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

NÝ KÖNNUN Á REYKINGUM OG TÓBAXNEYSLU Á ÍSLANDI

Framkvæmd var símakönnun í mars og apríl 2012 til að kanna tóbaksneyslu Íslendinga. Fyrri kannanir á tóbaksneyslu hafa ekki vaktað notkun tóbaks í nef eða munn nema í litlum mæli. Tölur ÁTVR um sölu á neftóbaki undanfarin misseri hafa sýnt talsverða aukningu í sölu þess og ýmsar vísbendingar eru um að íslenskt neftóbak sé í einhverjum mæli notað sem munntóbak. Í ljósi þess var ákveðið að kanna ítarlega notkun reyklauss tóbaks meðal Íslendinga ásamt því að kanna með hefðbundum hætti tíðni reykinga. Þátttakendur voru rúmlega 3.000 manns, 18 ára og eldri, á öllu landinu. Svarhlutfall var 48%. Úrtak karla í könnuninni var óvenju stórt eða $\frac{3}{4}$ hlutar þátttakenda vegna spurninga um notkun reyklauss tóbaks í nef og munn.

Reykingar

Tíðni reykinga er vöktuð í endurteknum könnunum 4 sinnum á ári. Fyrstu niðurstöður fyrir árið í ár styðja fyrri niðurstöður kannana um að verulega hafi dregið úr tíðni reykinga. Fyrir hópinn 18 ára og eldri segjast 14.2% reykja daglega og 2.3% reykja sjaldnar en daglega. Þessar tölur eru vigtaðar með tilliti til aldurs, kyns og búsetu. Nokkur munur er á tíðni daglegra reykinga hjá körlum og konum en 16.1% karla reykja daglega og 12.4%


kvenna. Nokkrar líkur eru á að um tilviljanasveiflur sé að ræða. Hæst er tíðni reykinga (daglega og sjaldnar en daglega) hjá fólki á aldrinum 18–34 ára. Meðal karla á aldrinum 18–24 ára reykja 22% og á aldrinum 25–34 ára reykja 25%. Meðal kvenna á aldrinum 18–24 ára reykja 21% og á aldrinum 25–34 ára reykja 11% (mynd 1).

Notkun reyklauss tóbaks

Þær takmörkuðu upplýsingar sem legið hafa fyrir um tóbaksnotkun í nef eða vör benda til að hún sé mjög fátíð meðal kvenna. Greining á notkun reyklauss tóbaks hér á eftir byggir því einvörðungu á gögnum um karla, 18 ára og eldri, frá árinu 2012.

Lágt hlutfall karla tekur daglega í nefið eða 1.9% og 3.1% sjaldnar en daglega. Hlutfallslega fleiri taka tóbak daglega í vörina eða 3% og 1% tekur sjaldnar en daglega í vörina. Neysla reyklauss tóbaks hins vegar er afar mismunandi eftir aldri og eftir því hvort um notkun í nef eða vör er að ræða (mynd 2). Dagleg notkun karla á tóbaki í nef er hæst í aldurshópnum 35–44 ára eða 7% en 4% þess aldurshóps notar tóbak í vör daglega. Langhæst er tíðni notkunar á tóbaki í vör í yngsta aldurshópnum 18–24 ára. Í þessum aldurshópi nota 15% tóbak í vör daglega en 4% nota tóbak í vör sjaldnar en daglega. Tölfræðilega marktækur munur er á tíðni milli aldurshópa. Einungis 1% 45 ára og eldri nota tóbak í vör.


Nokkuð er um að þeir sem reykja noti einnig tóbak í nef eða vör. Um 17% þeirra sem taka í nefið, reykja líka, en 26% þeirra sem nota tóbak í vör, reykja líka. Notkun



Mynd 1

Vöktun á tíðni reykinga staðfestir lækkandi tíðni þeirra á Íslandi hjá báðum kynjum.

Tíðni notkunar á tóbaki í vör er langhæst í yngsta aldurshópnum 18–24 ára.



Mynd 2

tóbaks í vör virðist því ekki leiða til lægri tíðni reykinga.

Þegar spurt er hversu lengi notendur voru að klára venjulega 50 gr. tóbaksdós þá endist hver dós í 8 vikur að meðaltali hjá þeim sem taka í nefið og tæp 60% eiga dósina lengur en 2 vikur. Ending dósar hjá þeim sem taka tóbak í vör er að meðaltali 2.3 vikur en hjá 68.5% endist dósinn skemur en eina viku.

Fyrri kannanir á notkun reyklauss tóbaks hér á landi hafa beinst að yngri aldurshópum eða aldrinum 16–23 ára. Fyrir liggja gögn úr þremur könnunum, frá árunum 2009–2011. Niðurstöðurnar staðfesta að neysla reyklauss tóbaks sé umtalsverð og nær eingöngu bundin við karlmenn. Þá benda niðurstöður enn fremur til þess að neftóbak ÁTVR sé tekið í vörina í allnokkrum mæli. Samkvæmt fyrstu tveimur könnunum sögðust um 20% ungra karlanna nota tóbak í vörina, 15% daglega en 5% sjaldnar en daglega. Í þeirri þriðju frá


árinu 2011 var sýnileg aukning og hlutur daglegra notenda tóbaks í vör meðal ungra karla orðinn rúm 20% en 5% notuðu tóbak í vör sjaldnar en daglega. Þessi staðreynd endurspeglast í söluaukningu ÁTVR á neftóbaki (mynd 3).

Samantekt

Vöktun á tíðni reykinga staðfestir lækkandi tíðni þeirra á Íslandi hjá báðum kynjum en 14.2% reykja daglega samkvæmt nýjustu

könnun. Tíðnin er heldur lægri hjá konum nú en körlum en tilviljanasveiflur geta haft áhrif á tölur í stökum könnunum. Daglegar reykingar eru algengastar meðal ungs fólks, á aldrinum 18–34 ára eða á bilinu 19–22%. Í þeim aldurshópi eru reykingar meiri hjá körlum og ná 22% í aldurshópnum 25–34 ára. Hjá yngri karlmönnum er tíðni munntóbaksnotkunar einnig há og notar 15% af 18–24 ára tóbak í vör daglega og 13% í aldurshópnum 25–34 ára. Í ljósi hærri tíðni reykinga hjá þessum aldurshópi er tíðni tóbaksnotkunar í vör áhyggjuefni enda verður heildarneysla ungra karlanna á tóbaki mun hærri í samanburði við heildarneyslu meðal kvenna. Niðurstöður könnunarinnar sýna einnig að töluvert er um að ungir karlmenn bæði reyki og taki tóbak í vör. Út frá niðurstöðum um magn tóbaksnotkunar og þróun á sölu neftóbaks má ætla að á bilinu 70–80% af framleiðslu ÁTVR á íslensku neftóbaki sé notaður í vör.

Lilja Sigrún Jónsdóttir
Viðar Jensson



Mynd 3